

Fimmtudaginn 18. maí 1995.

Nr. 431/1992.

Stefán Ásmundsson

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

Stakksvík hf. og

Útgerðarfélagi Akureyringa hf.

(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamningur. Vélstjóri. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. desember 1992 að fengnu áfrýjunarleyfi 26. nóvember s. á. Hann krefst þess, að stefndi Stakksvík hf. verði dæmdur til að greiða sér 821.461 krónu með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá 1. nóvember 1990 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Hann krefst þess og, að stefnda Útgerðarfélagi Akureyringa hf. verði dæmt skylt að þola staðfestingu á sjóveðsrétti í skipi þess, Sólbaki, EA 307, áður Aðalvík, KE 95, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefndi Útgerðarfélag Akureyringa hf. bauð áfrýjanda að gegna áfram stöðu sinni á skipinu, sem var staða yfirvéltjóra, og þáði hann það. Að svo vöxnu máli getur áfrýjandi ekki reist launakröfu sína á uppsagnarbréfi Hraðfrystihúss Keflavíkur hf. eða ákvæðum sjómannalaga nr. 35/1985. Þegar af þessari ástæðu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Áfrýjandi greiði stefndu málskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Stefán Ásmundsson, greiði stefndu, Stakksvík hf.

og Útgerðarfélagi Akureyringa hf., 70.000 krónur samtals í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. desember 1991.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 11. þ. m., hefur Stefán Ásmundsson, kt. 030165-4469, Hringbraut 37, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Ríkharði Jónssyni, kt. 281024-2489, Reykjabraut 4, Þorlákshöfn, stjórnarformanni Stakksvíkur hf., kt. 521190-1249, Vatnsnesvegi 2, Keflavík, fyrir hönd félagsins, og Péttri Bjarnasyni, kt. 130851-3129, Stapasíðu 9, Akureyri, stjórnarformanni Útgerðarfélags Akureyringa hf., kt. 670269-4429, Fiskitanga, Akureyri, fyrir hönd félagsins, með þingfestingu málsins 14. maí 1991.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda Stakksvík hf. verð dæmt að greiða stefnanda 821.461 kr. auk hæstu lögleyfðra dráttarvaxta samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá 1. nóvember 1990 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi Stakksvíkur hf. samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, og beri málskostnaðarfjárhæð vexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags samkvæmt III. kafla vaxtalaga. Þá er þess krafist, að virðisaukaskattur verði tildæmdur af málflutningsþóknun, samanber ákvæði laga nr. 50/1988.

Einnig er þess krafist, að Útgerðarfélagi Akureyringa hf. verði dæmt skylt að þola staðfestingu á sjóveði í skipi þess, Sólbaki, EA 307, áður Aðalvík, KE 95.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður, og beri málskostnaðarfjárhæð vexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Stefnandi gerði grein fyrir því við aðalmeðferð máls þessa, að Hraðfrystihús Keflavíkur hf. hefði verið lagt niður, en hið stefnda fyrirtæki, Stakksvík hf., hefði tekið við öllum réttindum og skyldum þess félags.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var um allan tíma fastráðinn yfirvélstjóri á togskipinu Aðalvík, KE 95, nú Sólbakur, EA 307. Skipið var í eigu Hraðfrystihúss Keflavíkur hf., sem og gerði það út. Hinn 25. júlí 1990 var stefnanda sagt upp störfum vegna ætlaðra breytinga á rekstri félagsins og/eða sölu skipsins, eins og segir í uppsagnarbréfi til hans, dags. 25. júlí 1990. Stefnandi starfaði áfram hjá Hraðfrystihúsi Keflavíkur hf., þar til skipið var selt og afhent nýjum eiganda, stefnda Útgerðarfélagi Akureyringa hf. Stefnanda var af hálfu kaupanda skipsins boðið að starfa áfram á skipinu í sömu stöðu, og þáði hann það og hefur starfað þar síðan.

Stefnandi kveðst hafa krafið Hraðfrystihús Keflavíkur hf. um laun vegna síðustu tveggja mánaða uppsagnarfrests síns, enda sé tekið fram í uppsagnarbréfi til sín, að sér sé sagt upp með „samningsbundnum fyrirvara“, sem sé þrír mánuðir. Jafnframt hafi framkvæmdastjóri félagsins lýst yfir því, að hann teldi félagið greiðsluskýlt. Engu að síður hafi kröfum þessum verið hafnað. Við munnlegan málflutning upplýsti stefnandi, að ástæða þess, að einungis væri krafið um laun vegna tveggja mánaða, væri sú, að fyrirhugað hefði verið, að skipinu yrði ekki haldið úti í ágústmánuði 1990 vegna sumarleyfa og takmarkaðs kvóta.

Stefnandi reisir kröfur sínar aðallega á 2. mgr. 9. gr., samanber 2. mgr. 27. gr., samanber og 1. mgr. 25. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Auk þess vísar stefnandi til uppsagnarbréfs Hraðfrystihúss Keflavíkur hf. til sín, en þar sé kveðið á um þriggja mánaða uppsagnarfrest, sem stefnda beri að standa við. Það, að stefnandi ákvað að þiggja stöðu hjá nýjum eiganda skipsins, breytti í engu kröfu hans á hendur Hraðfrystihúsi Keflavíkur hf., nú Stakksvík hf., enda sé dómvenja skýr um það atriði, að sjómenn eigi rétt til fullra launa í uppsagnarfresti, óháð launum annars staðar frá, hvort sem um sé að ræða ólögmeta uppsögn eða eigi. Það, að stefnandi þáði skiprúm á sama skipi eða einhverju öðru skipi, breyti engu þar um, í báðum tilfellum sé um nýtt skiprúm að ræða í skilningi 25. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Beri að líta til þess, að um allt aðrar veiðar geti verið að ræða á allt öðrum stað og í þágu nýs útgerðarmanns, sem hljóti að ráða mestu um það, hvort um nýtt skiprúm sé að ræða eða ekki.

Stefnandi kveður kröfu sína vera miðaða við meðaltalslaun miðað við tímabilið 1. janúar 1990 til 31. júlí 1990, og sé við þá útreikninga tekið tillit til reglubundinna hléa, og á þann veg sé unnt að nálgast það, hvaða laun stefnandi hefði haft hjá Hraðfrystihúsi Keflavíkur, ef skipið hefði ekki verið selt.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína svo:

Brúttókaup 1. janúar 1990 til 31. júlí 1990 $2.875.113 \times 60$ dagar/210 dögum kr. 821.461.

Stefnandi reisir kröfu um staðfestingu sjóveðsréttar á ákvæðum siglingalaga nr. 34/1985, sérstaklega 197. til 203. gr.

Stefndu styðja sýknukröfu sína einkum því, að orðalag 25. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 gefi ekki tilefni til svo víðtækrar túlkunar, að stefnandi eigi rétt til tvöfaldra launa, meðan á uppsagnarfresti stendur. Yfirmenn á skipum eigi rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests, samanber 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga, og í 2. mgr. 27. gr. sömu laga segi, að skipverji taki kaup til þess dags og að honum meðtöldum, er ráðningu hans lýkur samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningi. 25. gr. sjómannalaga fjalli raunverulega um bætur, ef

um ólöglega brottvikningu úr skiprúmi sé að ræða. Þar segi meðal annars: „Ef skipverja er vikið úr skiprúmi áður en ráðningartími hans er liðinn og án þess að heimild sé til þess í 23. eða 24. gr. á hann rétt á kaupum þann tíma sem mælt er fyrir um í 9. gr.“ Telja verði, að með orðalaginu „vikið úr skiprúmi áður en ráðningartími hans er liðinn“, hljóti löggjafinn að hafa átt við það, að skipverji fengi ekki að vinna út ráðningartíma sinn, hvort sem hann var ákveðinn fyrir fram eða um uppsagnarfrest var að ræða. Í því tilfelli, sem hér um ræði, hafi stefnandi fengið að halda skiprúmi með samningum við nýjan atvinnurekanda. Honum hafi ekki verið vikið úr skiprúmi í skilningi 25. gr. sjómannalaga, áður en ráðningartíma lauk. Annar skilningur leiði til greiðslu tvöfaldra launa. Umræddu ákvæði sjómannalaga sé ætlað að tryggja launþega fyrir því að verða fyrir tjóni af völdum fyrirvaralausra ráðningarslita, til dæmis þegar skip sekkur, útgerð verður gjaldþrota eða skip er selt. Lögunum sé alls ekki ætlað að tryggja launþega laun bæði hjá seljanda skips og kaupanda þess á fyrstu þremur mánuðum eftir afhendingu þess eða í uppsagnarfresti, eins og hér um ræðir. Yfirmaður, sem ráði sig hjá nýjum eiganda, missi ekki starf sitt, og honum er ekki vikið úr skiprúmi, eins og áskilið sé í 25. gr. sjómannalaga.

Með heimild í 85. gr. laga nr. 85/1936 lögðu aðilar máls þessa við þingfestingu fram skriflegt samkomulag um, að málið skyldi rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Við munnlegan málflutning upplýstist, að allri áhöfn Aðalvíkur, KE 95, var sagt upp störfum með uppsagnarbréfi, dagsettu 25. júlí 1990. Í uppsagnarbréfi til stefnanda segir: „Þar sem ætla má, að um breytingar verði að ræða á rekstri Hraðfrystihúss Keflavíkur hf. og/eða sölu Aðalvíkur, KE 95, er yður hér með sagt upp störfum á Aðalvík, KE 95, með samningsbundnum fyrirvara, sem er í yðar tilfelli 3 mánuðir frá og með deginum í dag að telja, 25. júlí 1990.“

Jafnframt var upplýst við munnlegan málflutning, að skipið hefði verið afhent kaupanda þess, Útgerðarfélagi Akureyringa, 27. ágúst 1990.

Í máli þessu er ekki tölulegur ágreiningur milli aðila, en deilt er um, hvernig beri að túlka 2. mgr. 9. gr., samanber 2. mgr. 27. gr., samanber og 1. mgr. 25. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, ásamt uppsagnarbréfi því, sem hér að framan er greint.

Óumdeilt er með aðilum máls þessa, að stefnanda var boðið áframhaldandi starf hjá nýja eiganda skipsins, sem hann og þáði. Fallast ber á það með stefndu, að ákvæðum sjómannalaga nr. 35/1985 um uppsagnarfrest og rétt til launa sé ætlað að tryggja launþega fyrir tjóni með þriggja mánaða uppsagnarfresti eða launum í þrjá mánuði, ef honum er vikið úr starfi fyrirvaralaust, svo sem vegna gjaldþrots útgerðar eða sölu skips. Stefnandi féllst

á að vinna út uppsagnarfrestinn hjá stefnda Útgerðarfélagi Akureyringa hf., og verður því eigi talið, að nefnd ákvæði sjómannalaga nr. 35/1985 verði túlkuð svo, að stefnandi eigi, eins og á stendur, jafnframt rétt til launa hjá Hraðfrystihúsi Keflavíkur hf., nú Stakksvík hf.

Stefnandi heldur því fram, að með skýru orðalagi uppsagnarbréfs Hraðfrystihúss Keflavíkur hf. hafi félagið, nú stefndi Stakksvík hf., skuldbundið sig til að greiða stefnanda laun í þrjá mánuði. Með hliðsjón af ofanrituðu þykir verða að túlka yfirlýsingu þessa til samræmis við ákvæði sjómannalaga. Samkvæmt því gat stefnandi aðeins reist á henni rétt til launa í þrjá mánuði, væri honum ekki boðið starf eða hann hafnaði starfi hjá nýjum eiganda skipsins eða Hraðfrystihúsi Keflavíkur hf. eða arftaka þess félags. Ber því að taka til greina kröfu stefndu um sýknu í málinu.

Samkvæmt niðurstöðu málsins þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn 100.000 kr.

Georg Kr. Lárusson, aðalfulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Stakksvík hf. og Útgerðarfélag Akureyringa hf., skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Stefáns Ásmundssonar, í máli þessu. Stefnandi skal greiða stefndu 100.000 kr. í málskostnað, og skal málskostnaðarféjárhæð bera dráttarvexti, ef til kemur, að liðnum 15 dögum frá dagsetningu dóms þessa að telja samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.